

# „Læknablaðið styrkir fagmennsku og stéttarvitund lækna“

Magnús Gottfreðsson er nýr ritstjóri blaðsins

■ ■ ■ Hávar Sigurjónsson

Magnús Gottfreðsson sérfræðingur í smitsjúkdómum við Landspítalann tók við sem ritstjóri og ábyrgðarmaður *Læknablaðsins* þann 1. desember síðastliðinn. Hann hefur setið í ritstjórn um nokkurra ára skeið og er því vel kunnugur öllum hnútum við vinnslu og útgáfu blaðsins. Hann segir ekki stórra breytinga að vænta á útgáfustefnu en nýjum mönnum fylgja ávallt ný vinnubrögð að einhverju leyti.

„Ég hef setið í ritstjórn í þrjú ár og það hefur verið mjög ánægjulegur tími. Ritstjórnin hefur verið mjög samhent og vel mönnuð, bæði af kollegum og starfsfólki blaðsins. Útgáfa *Læknablaðsins* er í eðli sínu mjög jákvætt starf og er hluti af uppbyggingarstarfi læknastéttarinnar á Íslandi, þar sem við erum að miðla fróðleik hvert til annars, bæta okkur og styrkja fagmennsku, aga vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Ég hlakka til að halda því starfi áfram sem ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins,“ segir Magnús í upphafi samtals okkar.

„Það hafa orðið mjög hraðar breytingar í útgáfuheiminum á síðustu árum, ekki síst hvað varðar útgáfu vísindarita. Það er orðið miklu auðveldara en áður að gefa út efni og eftirspurnin eftir vísindaeftirspurnin aukist gríðarlega. Þeir sem stunda rannsóknir og vísindastörf þekkja það eflaust að á hverjum degi hrúgast alls kyns gylliboð í gegnum tölvupóstinn um að skrifa greinar, bókarkafli og mæta á ráðstefnur hingað og þangað um heiminn og fleira mætti nefna. Margt af þessu er sannarlega gott og gilt en því miður er talsvert um óprúttna markaðsstarfsemi sem hefur allt annan tilgang en að bæta þekkingu.

Oft eru tilboðin sveipuð trúverðugum leiktjöldum sem líkjast vísindalegum umræðuvettvangi en í grunninn er hvatinn hrein gróðahyggja. Fyrir okkur sem vinnum að rannsóknum og vísindum verður sífellt mikilvægara að greina kjarnann frá hisminu. Ástríðan sem býr að baki þarf alltaf að snúast um þekkingarleitina en ekki peninga. Það getur verið snúið fyrir vísinda- og fræðimenn að átta sig á í öllum tilfellum hversu trúverðug viðkomandi tímaritautgáfa er. Það er reyndar með miklum ólíkindum hve stundum er gengið langt í að dulbúa síður og nettímarit og til eru vefsíður sem eru sérstaklega ætlaðar til að hjálpa fræðimönnum að átta sig á þessu.“

*Verður þá ekki sífellt erfiðara fyrir almenn- ing og aðra fjölmiðla sem eru að leita sér upplýsinga á netinu að átta sig á hvað eru marktæk vísindi og hvað ekki?*

„Jú, þetta er tvíeggjað sverð. Það má segja að þetta sé hluti af stærra vandamáli sem er áreiðanleiki netupplýsinga í heild, til dæmis í fréttáflutningi.

Ef leitað er upplýsinga á réttum stöðum getur það verið til gagns og létt álagi af heilbrigðisstarfsfólki en ef upplýsingarnar eru óvandaðar, sem því miður er býsna algengt, getur það valdið umtalsverðum skaða. Meðal okkar lækna er þekkt hugtak „Cyberchondria“ sem mætti ef til vill útleggjast sem netkvíðaröskun, þar sem sjúklingar koma inn með óþarfa áhyggjur og tilbúin vandamál út frá upplýsingum á netinu sem eiga ekki við nein rök að styðjast. Það getur síðan tekið lækninn talsverðan tíma og fyrirhöfn að vinda ofan af slíkri vitleysu, tíma sem væri stundum betur varið í annað. En þetta er það umhverfi sem við búum við, hver sem er

getur í rauninni sett hvað sem er á netið án þess að þurfa að færa neinar sönnur á sannleiksgildi upplýsinganna.“

*Hvernig fara þá tímarit eins og Læknablaðið að því að samfæra lesendur sína um að mark sé takandi á upplýsingunum sem þar birtast?*

„Við gerum það einfaldlega með því að ástunda fagleg vinnubrögð og gæta þess að slá aldrei af kröfum um vandaða ritrýni fræðilegs efnis. Síðan má velta því fyrir sér hvort ekki sé hægt að gera vísindalega efnið aðgengilegra fyrir lesendur. Sum erlend tímarit hafa gert það til dæmis með stuttmyndum og lifandi umfjöllun. Ég hef séð mjög skemmtilegar myndrænar útfærslur þar sem flókin vísindaleg viðfangsefni eru sett fram á einfaldan og skýran hátt. Oft þurfa lækna ekki meira til að átta sig á því um hvað viðkomandi rannsókn snýst og fyrir marga er það allveg nægilegt. Ef fjárhagur blaðsins leyfði væri skemmtilegt að geta stundum komið niðurstöðum rannsókna sem birtast í blaðinu betur á framfæri. Ég held að miðlun af slíkum toga eigi bara eftir að vaxa. Kynslóðin sem er að vaxa úr grasi í dag lítur á þetta sem eðlilegan hlut og sífellt endurmat þarf því að eiga sér stað á hvernig blaðið miðlar upplýsingum best. Mörg tímarit eru hætt að koma út á prenti en sjálfum finnst mér oft notalegra að fletta prentuðu eintaki fremur en lesa það á tölvuskjá. Kosturinn við prentaða eintakið er í mínum huga sá að þá flettir lesandinn í gegnum blaðið og staldrar kannski við efni sem hann annars hefði ekki lesið. Lestur á netinu byggist svo oft á markvissri leit að efni eftir lykilorði og þá fær maður upp það sem leitað er að og annað ekki. Þetta er auðvitað tímasparnaður en



„Læknablaðið styrkir bæði faglega og stéttarlega vitund okkar lækna því þar birtist mánaðarlega umfjöllun um flest það sem er efst á baugi í okkar hópi. Læknablaðið er í ákveðnum skilningi andlit okkar stéttar og okkar félags,“ segir Magnús Gottfredsson nýskipaður ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins.  
Mynd: Þorkell Þorkelsson.

um leið getur maður farið á mis við annan lestur. Netveröldin sem fólk skapar í kringum sig á samfélagsmiðlum getur til dæmis orðið þröng og takmörkuð, því þar eru allir í hópnnum sammála.“

Læknablaðið er ekki bara fræði- og vísindarit. Þar eru birtar aðsendar greinar og viðtöl af ýmsu tagi. Finnst þér þetta tvískipta hlutverk ganga upp?

„Já, mér finnst það ganga ljómandi vel upp. Læknablaðið er nefnilega ekki eingöngu fræðilegur vettvangur íslenskra lækna í þrengsta skilningi þess orðs. Það styrkir bæði fagmennsku og stéttarvitund okkar lækna því þar birtist mánaðarlega umfjöllun um margt sem er efst á baugi í okkar hópi. Læknablaðið er í ákveðnum skilningi andlit stéttarinnar og Læknafélagsins út á við, það er bæði áþreifanlegt og minnir stöðugt á sig. Á þennan hátt skila fjármunir sem renna til Læknablaðsins sér aftur til læknastéttarinnar. Ég sé ekki fyrir mér að þetta muni breytast og hef ekki orðið var við umræðu í þá veru.“

Enska er löngu orðin alþjóðlegt tungumál vísindanna. Læknablaðið er gefið út á íslensku þó útdráttur á ensku fylgi öllum fræði-

greinum. Takmarkar þetta möguleika blaðsins í einhverjum skilningi?

„Margar rannsóknir sem fara fram hér á landi eru unnar í alþjóðlegu samstarfi og það er alveg ljóst að birting á íslensku í Læknablaðinu takmarkar aðgang erlendra vísindamanna að efninu. Það er því eðlilegt að sóst sé eftir birtingu annars staðar ef efnið á erindi við annan eða stærri hóp en þann sem er læs á íslensku. Við eigum ekki að láta þetta trufla okkur. Við höfum skyldum að gegna gagnvart okkar nærsamfélagi og sumt af efni blaðsins á erindi við íslenska lækna og aðra heilbrigðisstarfsmenn fyrst og fremst. Blaðið hefur einnig verið góður vettvangur fyrir unga rannsakendur sem eru að birta sínar fyrstu ritrýndu fræðigreinar. Að því sögðu, þá eru ágríp, töflur og myndir fræðilegra greina einnig aðgengilegar á ensku. Blaðið er einnig í Medline og Web of Science og nú nýlega er búið að skrá Læknablaðið í gagnagrunn fræðirita sem birta sitt efni í opnum aðgangi, þannig að ég á von á að efni sem birtist á síðum blaðsins eigi eftir að verða enn sýnilegra en áður. Þannig höfum við tekið mikil-

væg skref í að gera blaðið aðgengilegra erlendum lesendum. Ef efni leyfðu væri næsta skref í sömu átt að blaðið gæfi allar fræðigreinar jafnhliða út í netútgáfu á ensku. Fordæmi eru fyrir því að einstakar greinar birtist bæði á íslensku og ensku, en með slíkri viðbót stæðum við í vissum skilningi jafnfætis öðrum fræðiritum. Mín persónulega skoðun er hins vegar að við megum aldrei slá af kröfum um íslenska útgáfu blaðsins. Vísindin eru jú alþjóðleg í eðli sínu en mér finnst mikilvægt að blaðið sinni vel sínu nærumhverfi sem er íslenskir lækna og íslenskt heilbrigðiskerfi. Hugmyndin um tvöfalda útgáfu myndi þarfnast nákvæmrar skoðunar varðandi kostnað og tæknilega útfærslu og er ekki á dagskrá alveg á næstunni. Hins vegar er ljóst að ef við viljum auka útbreiðsluna og sýnileika blaðsins á alþjóðlegum vettvangi er það leiðin að mínu mati. Margt af því sem við erum að rannsaka hér heima og birta niðurstöður okkar um getur síðan orðið kveikja að uppbyggilegu og góðu samstarfi sem annars hefði ekki orðið að veruleika.“